



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður  
Bæjarráð Akraness  
Stillholti 16-18  
300 Akranes

Akranesi, 12. maí 2016

1604226 SH

**Efni: Heimild til ráðningu leikskólakennara**

Í lögum nr. 78/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er gert ráð að lágmarki  $\frac{2}{3}$  hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara. Fjölskylduráð samþykkti stefnumarkandi ákvörðun á fundi sínum 7. júní 2011 sem fól í sér að hlutfall fagfólks af heildarfjöldastarfsmannahaldi leikskóla skuli vera 75%.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 10. september 2015, var fjallað um ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar og samþykkti að afnema hámarksreglur um hlutfall fagfólks í leikskólum Akraneskaupstaðar.

Leikskólinn Vallarsel hefur ekki náð að uppfylla lagaákvæði um  $\frac{2}{3}$  hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna en til þess þarf að ráða um tvær 100% stöður leikskólakennara við skólann. Því er óskað eftir heimild til að ráða leikskólakennara í þessar stöður. Mismunur á launum starfsmanns í leikskóla og leikskólakennara er um kr. 2.500.000 á ári. Óskað eftir aukafjárheimild til leikskólans alls kr. 5.000.000 til að koma til móts við þennan launamun vegna þessara ráðninga.

Virðingarfyllst,

Svala Hreinsdóttir

deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðipjónustu